

**Ed. 659. Frumvarp til laga [276. mál]**

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamála-  
stjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í  
Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadóm-

ara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orku-  
málastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra,  
verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanevndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors  
Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og  
símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfó-  
geta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta,  
sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspít-  
ala, orku- og rafmagnsmálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skatt-  
rannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanevndarmanna, sem hafa nefndarstörfin  
að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í  
aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann  
í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973,  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

#### Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti  
sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og  
þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

#### Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga,  
skulu gilda til 28. febrúar 1985.